



– Federation of Icelandic Trade

Alþingi
viðskiptanefnd
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.02.2008
Tilv. 2008/0024
SÖG

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 362. mál, EES reglur.

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis frá Alþingi, dagsett 13. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 362. mál, EES reglur. Félagið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en þá kröfu sem fram kemur í b. lið 2. gr. frumvarpsins að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku. Telur félagið þetta óþarfa þvingun á athafnafrelsi auglýsenda. Að mati félagins er rétt að gæta samræmis við ákvæði m. liðar 2. gr. frumvarpsins þar fram kemur að leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku eða öðru Norðurlandamáli, þó ekki finnsku, eða ensku. Því eigi að leyfa auglýsingar á þessum tungumálum enda kjósi auglýsendur það nýta sér þau til að koma vörum og þjónustu á framfæri við neytendur.

Virðingarfyllt

Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.